# ANDREA

Til elsku litlu Andreu
frá ömmu.

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir.




Þú stúlkan litla ljúfa
sem lúrir pabba hjá,
sem gefur öllum gleði
og gæfan stafar frá,
ég bið að Drottinn blessi
öll bernskusporin þín,
að vegi Guðs æ gangir
þú góða telpan mín.

Til viðar sígur sólin,
þú sofnar vært og rótt.
Og allir ljóssins englar
þér yfir vaka'í nótt.
Er mamma blítt þér bíar
og breiðir sæng að kinn,
hún smellir kvöldsins kossi
á krakkahnokkann sinn.